

## Fundargerð

### 9. stjórnarfundur FHA haldinn 7. jan. 2010 kl. 10:15

Boðaðir voru stjórnarmenn, varastjórn og framkvæmdastóri. Fundinn sátu: Helgi Gestsson (HG), Arnheiður Eypórsdóttir (AE), Erlendur Steinar Friðriksson (ESF), Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Kjartan Ólafsson (KÓ), Kristín Guðmundsdóttir (KG) og Páll Björnsson. Finnur Friðriksson mætti ekki. Hjördís Sigursteinsdóttir ritaði fundargerð.

#### Dagskrá:

1. Samkomulag við HA

HG sagði frá niðurstöðum háskólaráðs varðandi samkomulag FHA og HA. Næsta skref er að finna tíma til að skrifa formlega undir samkomulagið.

2. Framgangsmál

Rætt um þá sem hafa fengið úthlutað rannsóknamissari en ekki farið enn, hvort þeir eigi að hafa forgang eða ekki. Stjórn FHA telur að þeir eigi að vera í forgangi.

Rætt um matsreglur sem tóku gildi núna í byrjun janúar. Gera má ráð fyrir að þessar sameiginlegu matsreglu komi misjafnlega við félagsmenna og sumir jafnvel lækka í stigum. AE skýrði frá fundi sem hún fór á í Reykjavík þar sem rætt var um nýju matsreglurnar.

HG sagði frá því að rektor ætlar að koma á opinn félagsfund og kynnar nýjar matsreglur. Áætlað er að fundurinn verði haldinn í lok janúar. HS falið að finna stofu undir félagsfund og HG ætlar að skoða hvenær rektor hefur tíma til að mæta.

3. Önnur mál

- a. BHM og Huggarður vilja fá að halda fund hér fyrir félagsmenn sína. Stjórn samþykkti að greiða fyrir komu þeirra. HS falið að liðsinna þeim.
- b. Umsókn í námssjóð. Stjórn vildi afla sér frekari upplýsinga áður en þessi umsókn verði afgreidd. Afgreiðslu frestað til næsta stjórnarfundar.
- c. Nefnd um endurskoðun laga félagsins. Stjórn hafði áður skipað Pétur Dam og Pál Björnsson í þessa nefnd. Ákveðið var að Hjördís Sigursteinsdóttir yrði líka í þessari nefnd. Gert er ráð fyrir að í lok febrúar muni nefndin ljúka störfum.
- d. Fundir stjórnar. Ákveðið var að hér eftir yrðu stjórnarfundir einu sinni í mánuði en ekki tvisvar eins og verið hefur undanfarið.
- e. Rætt um aðalfund félagsins og stefnt er að því að halda aðalfund um miðjan maí.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:45